

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 11. apríl 1980.

Nr. 54/1980. **Ákærvaldið**
 gegn
Erlu Bjarnadóttur.

Kærumál. Skipun verjanda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Hjörtur O. Aðalsteinsson, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hefur framkvæmt hina kærðu dómsathöfn.

Hinn 28. mars 1980 kom Erla Bjarnadóttir fyrir sakadóm Reykjavíkur. Var henni þá birt ákæra, útgefin 29. janúar 1980, þar sem hún var ákærð til refsingar fyrir brot á umferðarlögum. Þá er bókað í þingbók: „Ákærða óskar eftir að halda uppi vörnum í málinu og óskar eftir því, að eiginmaður hennar, Hörður Ólafsson, hæstaréttarlögmaður, verði skipaður verjandi sinn. Dómarinn tjáir ákærðu, að hann geti ekki orðið við þeirri beiðni hennar að skipa hann verjanda, þar sem dómarinn hefur lagt fram kæru á hendur lögmanninum hjá Lögmannafélagi Íslands fyrir ósæmilega framkomu hans í garð dómarans í símtali í gær. Verður því samkvæmt 85. gr. laga um meðferð opinberra mála ekki unnt að skipa Hörð verjanda í máli þessu“.

Samkvæmt heimild í 4. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skaut ákærða ákvörðun þessari til Hæstaréttar með kæru sama dag, sem barst Hæstarétti 1. apríl s. á. Krefst hún þess, að fyrrgreind ákvörðun sakadómarara verði úr gildi felld. Þá er þess

krafist, að dómara þeim, sem með málið fór, verði dæmd refsing samkvæmt lokaákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973. Enn fremur er krafist kærumálskostnaðar.

Af hendi ákæruvaldsins hefur hvorki borist greinargerð né kröfur.

Borist hefur umsögn frá héraðsdómaranum í máli þessu, þar sem hann gerir nánari grein fyrir synjun sinni um að skipa Hörð Ólafsson hæstaréttarlögmann verjanda ákærðu Erlu.

Ákærða átti kröfu til þess, að henni yrði skipaður verjandi samkvæmt 3. tl. 2. mgr. 80. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976. Utanréttardeilur dómarans og hæstaréttarlögmanns þess, sem ákærða óskaði eftir sem verjanda, þykja, eins og á stendur, ekki valda því, að heimilt sé að neita að skipa hæstaréttarlögmanninn verjanda ákærðu að ósk hennar. Eigi standa heldur ákvæði 85. gr. laga nr. 74/1974 því í vegi, að hæstaréttarlögmaðurinn, eiginmaður ákærðu, sé skipaður verjandi hennar. Ber að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi.

Ekki eru efni til að taka til greina kröfu um viðurlög á hendur dómaranum.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Framangreind ákvörðun héraðsdómara er úr gildi felld.

Kærumálskostnaður fellur niður.